

## Umsögn

### um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018—2022.

Frá 3. minni hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar frá 27. apríl sl. fjallað um málið. Í áætluninni er byggt á því að stjórnvöld fylgi fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018—2022 samkvæmt fyrirbyggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017-2022 og skilyrðum hennar.

#### I. Gagnsæi skortir í framsetningu

Aðferðafræðin á bak við fjármálaáætlun gengur út á að útgjaldarammar eru gerðir fyrir 34 málefnasvið til næstu fimm ára og miðar öll stefnumótunin að því. Í framhaldinu er lagt fram fjárlagafrumvarp fyrir komandi ár þar sem þessir rammur eru lagðir til grundvallar við skiptingu fjárheimilda niður á einstaka málaflökka. Hins vegar er óljóst hvað hver eining fær innan rammans og því erfitt fyrir löggjafarvaldið að átta sig á hver framlög eru til einstakra stofnana. Ómögulegt er að átta sig á útgjaldaþróun fyrir hverja rekstrareiningu sem kemur í veg fyrir að fulltrúar löggjafarvaldsins geti sinnt eftirlitshlutverki sínu og ekki er unnt að leggja mat á hvort stofnanirnar fái nægilegt fjármagn til að sinna lögbundnum hlutverkum sínum. Fulltrúi Framsóknarflokksins í minni hlutanum telur nauðsynlegt að auka gagnsæi í framsetningu og óhjákvæmilegt að það verði gert eins fljótt og auðið er.

#### II. Einstaka stofnanir.

Þriðji minni hluti tekur undir með meiri hluta nefndarinnar að gagnlegt sé að renna enn styrkari stöðum undir embætti umboðsmanns Alþingis með því að auka upplýsingagjöf um afgreidd mál og styrkja meðferð kvartana og frumkvæðisathugana. Að sama skapi er brýnt að embættið geti sinnt OPCAT-eftirliti en þingsályktun um fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nr. 8/145, var samþykkt á Alþingi 19. desember 2015. Að sama skapi telur 3. minni hluti að tryggja þurfi Ríkisendurskoðun nægilegt fjármagn til að innleiða lög um opinber fjármál.

Alþingi, 10. maí 2017.

Lilja D. Alfredsdóttir